

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/181
komudagur 18.11.2009

Umsögn

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör), 102.mál. um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 eins og það kemur fram hér: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0108.html>

Sent með tölpósti 18.nóvember 2009

Þar sem markmið þessara lagabreytinga er að efla lýðræði þarf að ganga lengra í því að gefa kjósendum frelsi til að haga atkvæði sínu að vild.

Í stað þess að skipta framboðslista í persónukjörshluta og raðaðan hluta skyldi allur listinn vera persónukjörshæfur. Mundi það einfalda breytingu laga þessara til mikilla muna og gefa kjósendum aukið tækifæri á að koma sínum vilja á framfæri. Þetta mundi hafa áhrif á allar greinar frumvarpsins nema gr. 3, 8, 10, 11, 12 og 13.

Kjósendur ættu auk þess að geta hagað atkvæði sínu án tillits til flokka og ættu því að geta valið þvert á lista.

Framboð einstaklinga, án flokkatengsla, ætti einnig að vera gerð möguleg í lagabreytingum þessum.

Þar sem ofan nefndar breytingar fela í sér viðtæka endurskoðun á frumvarpinu verða ekki gerðar tillögur að breytingu á orðalagi í neinni einstakri grein þess.

Fyrir hönd Hreyfingarinnar



Daði Engólfsson

270173-5789